



UNIFEM Á ÍSLANDI

Ársskýrsla og ársreikningur

Lögð fyrir 17. aðalfund félagsins
16. febrúar 2006



Þróun í þágu kvenna
allra hagur!

Inngangur

UNIFEM á Íslandi var stofnað 18. desember 1989 en þann sama dag árið 1979 var samþykktur alþjóðasamningur um afnám alls misréttis gagnvart konum (CEDAW). Félagið fagnaði því 16 ára afmæli sínu í desember 2005. UNIFEM á Íslandi er ein af 16 landsnefndum UNIFEM sem hafa að leiðarljósi að styðja og styrkja Sameinuðu þjóðirnar í baráttunni fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna víða um heim.

Samkvæmt þessu eru markmið UNIFEM á Íslandi:

1. Að kynna og auka áhuga almennings á starfsemi UNIFEM
2. Að vera málsvari kvenna í þróunarlöndum með það að leiðarljósi að störf þeirra séu órjúfanlegur hluti efnahags- og félagslegrar þróunar
3. Að afla fjárframlaga frá hinu opinbera og einkaaðilum.

Ársskýrsla þessi fjallar um starfsemi UNIFEM á Íslandi á tímabilinu apríl 2005 - febrúar 2006.

Starfsemi UNIFEM á alþjóðavísu

Tveir viðburðir báru hæst hjá UNIFEM árið 2005, annars vegar Peking +10 fundurinn í New York sem haldinn var í mars og sagt var frá í síðustu ársskýrslu og hins vegar leiðtogafundurinn, heimsfundurinn, sem haldinn var í september í tilefni fimm ára afmælis þúsaldarmarkmiðanna. Í tilefni heimsfundarins gaf UNIFEM út skýrsluna *Progress of World's Women 2005: Women, Work & Poverty*. Þá var einnig mikil vinna lögð í stuðning við súðanskar konur og kröfugerðir þeirra til alþjóðasamfélagsins á árinu og fimm ára afmælis ályktunar 1325 minnst í október –að ótöldum hundruðum verkefna UNIFEM um allan heim í þágu kvenna.

Kröfur súðanskra kvenna

Vatnaskil urðu að frumkvæði súðanskra kvenna á ráðstefnu alþjóðlegra styrktaraðila um Súdan sem haldin var í Osló, Noregi í apríl 2005. Áður en ráðstefnan sjálf hófst tóku 50 konur frá Norður-, Suður- og Austur-Súdan þátt í málþingi um jafnréttismál í því augnamiði að móta sameiginlega verkefnaskrá og undirstrika hlutverk sitt í uppbyggingu og friðarferli landsins eftir átökin. Á aðal ráðstefnunni kynntu þær tillögur sínar og markmið um kynjajafnrétti á öllum sviðum friðaruppbyggingar og voru styrktaraðilar hvattir til að taka mið af kynjasjónarmiðum við fjárveitingar til friðaruppbyggingar. Málþingið var skipulagt af ríkisstjórn Noregs í samstarfi við UNIFEM og Utanríkismálastofnun Noregs (NUPI) og er samstarfið gott dæmi um það hvernig hægt er, með skipulagðri vinnu alþjóðasamfélagsins, að tengja kynjasjónarmið við stefnu stjórnvalda og styrktaraðila.

Þátttaka súðönsku kvennanna á málþinginu var afrakstur margra ára baráttu þeirra fyrir friði og viðurkenningu stjórnvalda á nauðsyn þess að konur taki þátt í friðarferlinu. Um árabíl höfðu þær þrýst á stjórnvöld og myndað víðfeðmt tengslanet á lands-, svæðis- og alþjóðavísu.

Á málþinginu lögðu súðanskar konur fram þá kröfu að um 80 prósent, í það minnsta, af framlögum styrktaraðilanna yrði varið í að leiðrétta það djúpstæða kynjamisrétti sem birtist í lögum, stefnu og venjum landsins. Einnig að styrkirnir kæmu konum og stúlkum í dreifbýlissamfélögum til hagsbóta. Sérstaklega þyrfti að huga að grunn heilbrigðis- og félagsþjónustu, stuðningi við lífsbjargir kvenna og fæðuöryggi og afnámi kynjamisréttis í mennta- og skólakerfi. Þá væri brýnt að taka á linnulausu og miklu ofbeldi gegn konum.

Í september efndu UNIFEM, norska utanríkisráðuneytið og NUPI aftur til fundar með súðönskum konum, að þessu sinni í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York og var fundurinn haldinn í tengslum við leiðtogafundinn. Þar var kynnt útgáfa skýrslunnar *Towards Achieving the MDGs in Sudan: Centrality of Women's leadership and Gender Equality* og sótti sendifulltrúi Íslands í New York fundinn.

Leiðtogafundur SP

Leiðtogafundur Sameinuðu þjóðanna var haldinn í höfuðstöðvum samtakanna í New York dagana 14.-16. september. UNIFEM lagði mikla vinnu í að tryggja upplýsta umræðu um kynjasjónarmið þúsaldarmarkmiðanna á fundinum, gaf út skýrslur og stóð fyrir funda- og ráðstefnuhaldi. Komið var upp sérstakri heimasíðu hjá UNIFEM vegna fundarins þar sem lesa má um áherslumál UNIFEM á fundinum, ráðstefnur sem UNIFEM stóð fyrir á árinu um framkvæmd þúsaldarmarkmiðanna og tengdar skýrslur. Meðal áherslumála UNIFEM á fundinum voru kynjuð hagstjórn, hefting á útbreiðslu HIV/alnæmis, mannréttindi kvenna og staða farandverkakvenna.

Progress of World's Women 2005: Women, Work & Poverty

Ein af merkari skýrslum UNIFEM á árinu var gefin út í tengslum við ofangreindan heimsfund. Skýrslan Progress of World's Women 2005: Women, Work & Poverty fjallar um atvinnuþátttöku kvenna, sérstaklega á óopinberum markaði. Þar er því haldið fram að nauðsynlegt sé að huga að samspili kyns, atvinnu og fátæktar við framkvæmd þúsaldarmarkmiðanna. Í tilefni útgáfu skýrslunnar sagði Noeleen Heyzer m.a. : „Fátækt verkafólk, bæði konur og karlar, eru meirihluti þeirra sem starfa á óopinbera vinnumarkaðinum. En þeim mun neðar sem við færumst í gæðum og öryggi, þeim mun fleiri konur er að finna. Konur þéna almennt minna en karlmenn, hafa minni aðgang að góðum störfum og hafa færri tækifæri til menntunar sem gæti auðveldað þeim að fá betri og öruggari tekjur. Í nánast öllum ríkjum og menningarheimum bera konur enn meginábyrgðina á umönnunarstörfum en slíkar skyldur hafa bein áhrif á möguleika þeirra til þátttöku á vinnumarkaðinum. Ólaunuð umönnunarstörf í þágu fjölskyldunnar og samfélagsins taka sinn toll af vinnutíma kvenna og takmarka atvinnumöguleika þeirra, ekki hvað síst í samfélögum sem hrjád eru af hárrí útbreiðslu HIV/alnæmis.“

Fimm ára afmæli ályktunar 1325

Í október 2005 voru fimm ár liðin síðan tímamóta ályktun öryggisráðsins nr. 1325 um konur, frið og öryggi, ályktun 1325 var samþykkt. Ályktunin er sú fyrsta sem tekur á afleiðingum átaka fyrir konur, viðurkennir hlutverk kvenna í að fyrirbyggja og leysa átök og kallar á fulla þátttöku kvenna í öllu friðar- og öryggisstarfi. Sá pólitíski rammi sem ályktun 1325 markar er viðurkenning á mikilvægi þess að konur taki þátt í gerð friðarsamninga, og að kynjasjónarmið séu viðhöfð við skipulagningu flóttamannabúða, friðargæslu og enduruppbyggingu stríðshrjáðra samfélaga. Síðan ályktunin tók gildi hefur hún verið notuð óspart af konum út um allan heim til að safna stuðningi fyrir og þrýsta á um jafna þátttöku karla og kvenna. Grasrótarsamtök kvenna í ýmsum stríðshrjáðum löndum hafa notað ályktunina sem tæki til að þrýsta á um aukinn hlut þeirra í samfélags- og friðaruppbyggingu, ekki síst í kosningum og stjórnarskrárnefndum. Búið er að þýða ályktunina á 70 tungumál, þar á meðal á íslensku, og bætast senn 10 tungumál í hópinn. Sjálfsagt þykir orðið að hafa jafnréttisráðgjafa í öllum verkefnum friðargæslunnar og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), Evrópusambandið og Ameríska ríkjasambandið hafa öll samþykkt ályktanir sem taka undir innihald ályktunar 1325. Sum lönd eru einnig að þróa aðgerðaáætlanir til að fylgja henni eftir. Ásamt Kvennasáttmála SP (CEDAW) og framkvæmdaáætlun SP í málefnum kvenna (Pekingáætluninni) er ályktun 1325 grundvallarstoð í starfi UNIFEM.

UNIFEM á Íslandi

Stjórn UNIFEM á Íslandi

Sextánda aðalfundur UNIFEM á Íslandi var haldinn í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Skaftahlíð 24 hinn 20. apríl 2005. Á fundinum voru gerðar nokkrar breytingar á stjórninni. Tvær stjórnarkonur létu af stjórnarsetu, Sigríður Guðmundsdóttir gjaldkeri og Kristín Ástgeirsdóttir meðstjórnandi og í stað þeirra voru kjörnar Amal Tamimi og Magnea Marinósdóttir. Áfram sátu Rósa Erlingsdóttir, formaður, Lilja Hjartardóttir, varaformaður, Ásta María Sverrisdóttir, Edda Jónsdóttir, Hrund Gunnsteinsdóttir, Jónína Helga Þórólfsdóttir og Elsa Guðmundsdóttir sem gekk í stöðu gjaldkera í stað Sigríðar Guðmundsdóttur. Lagabreytingartillaga um fjölgun varamanna var samþykkt á fundinum og voru Brynhildur Einarsdóttir, Drífa Hrönn Kristjánsdóttir, Guðrún Rebekka Jakobsdóttir og Silja Bára Ómarsdóttir kjörnar varamenn.

Megin markmið stjórnarinnar er tvíþætt, annars vegar að fjölga félögum í UNIFEM á næstu misserum og hins vegar að afla félaginu meira fjár frá hinu opinbera og einkaaðilum. Á fyrsta stjórnarfundi nýrrar stjórnar var ákveðið að félagið myndi áfram einbeita sér að kynningarmálum auk þess að undirbúa fjáröflun, vinna að auknum samskiptum landsfélaganna og bættum tengslum við höfuðstöðvar UNIFEM hjá SP í New York. Kynningarmálin eru undirstaða þess að vel takist til við fjáröflun og unnið hefur verið að því að gera UNIFEM á Íslandi að sýnilegum og öflugum samtökum gagnvart almenningi, stjórnvöldum og öðrum samtökum innan kvennahreyfingarinnar og þeirra sem vinna á sviði þróunarsamvinnu. Ljóst er að ekki hefði verið hægt að standa undir slíku án starfsmanns og sérfræðipækkingu stjórnarkvenna.

Á árinu var ákvörðunum fyrra árs um að taka þátt í viðburðum íslensku kvennahreyfingarinnar í tilefni kvennaársins 2005 fylgt eftir. Sérstakur viðburður UNIFEM á Íslandi var alþjóðleg ráðstefna um konur og alþjóðamál í tilefni þess að tíu ár voru liðin frá kvennaráðstefnu SP í Peking 1995. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Ísland og var félaginu til framdráttar í mörgum skilningi. Í framhaldi ráðstefnunnar funduðu íslenska og finnska landsnefndin um samstarf landsnefnda, verkefni og samskipti við UNIFEM í New York. Stuttu síðar hélt framkvæmdastýra félagsins á samráðsfund landsnefnda UNIFEM og vöktu íslensku og finnsku landsnefndirnar verðskuldaða athygli fyrir öfluga starfssemi heima fyrir og hafa nú tekið forystu um vinnu við að bæta samskipti landsnefndanna við UNIFEM í New York. Ítarlega er fjallað um ráðstefnuna og fundina annars staðar í skýrslunni.

Stjórnin fundaði reglulega á starfsárinu en utan stjórnarfunda eru mál borin undir stjórn með tölvupósti og málin skeggrædd á netinu. Viss hefð hefur skapast að halda langa stjórnarfundi á laugardögum yfir árbít en sá tími hefur reynst vera heppilegur fyrir stjórnarkonur.

Þrjár stjórnarkonur hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér í nýja stjórn en það eru Rósa Erlingsdóttir formaður, Lilja Hjartardóttir varaformaður og Ásta María Sverrisdóttir meðstjórnandi. Úr varastjórn hætta Brynhildur Einarsdóttir og Guðrún Rebekka Jakobsdóttir. Silja Bára Ómarsdóttir og Drífa Kristjánsdóttir sem setið hafa í varastjórn gefa nú kost á sér í aðalstjórn félagsins.

Starfsemi og skrifstofa

Framkvæmdastýra hefur starfað í fullu starfi fyrir félagið frá 1. september 2004. Hún var upphaflega ráðin til sex mánaða og var samningurinn síðar framlengdur. Náist samningar um rekstrarstuðning frá utanríkisráðuneytinu fyrir 2006 og nái markmið félagsins um fjáröflun fram að ganga mun framkvæmdastjóri starfa áfram í fullu starfi. Vænkist staða félagsins er það ósk fráfarandi stjórnar að hægt verði að ráða upplýsingafulltrúa í hálf starf á næstu árum en full þörf er á auka starfskrafti á skrifstofu félagsins. Birna Þórarinsdóttir,

stjórn málafræðingur hefur gegnt stöðu framkvæmdastýru frá september 2004. Á síðasta aðalfundi var samþykkt breyting á 9. grein laga félagsins um starf stjórnarinnar þar sem bætt var inn ákvæðum um umboð stjórnar til að ráða framkvæmdastjóra sem annist daglegan rekstur félagsins í umboði stjórnar.

Félagið hefur einnig notið starfskrafta starfsnema og sjálfboðaliða sem lagt hafa fram verðmæta vinnu. Hilda Charlotte van Schalwyk, nemi við Háskólann á Akureyri vann úttekt á heimasíðu félagsins og voru tillögur hennar hafðar til hliðsjónar við endurbætur á heimasíðunni sem unnið var að á sumarmánuðum 2005. Arnþrúður Ingólfsdóttir, heimspekinemi við Háskóla Íslands aðstoðaði við útgáfu fréttabréfsins CURRENTS frá júlí til ársloka 2005 og var fyrir vikið hægt að senda félögum vandaða þýðingu á fréttabréfinu með fréttum af starfi UNIFEM um allan heim.

Sem fyrr segir var ráðist í endurbætur á heimasíðu félagsins á árinu. Skipt var yfir í notendavænna forrit og útlit og efni síðunnar stórbætt. Ný síða var opnuð í septemberbyrjun 2005.

Í október flutti Miðstöð Sameinuðu þjóðanna úr Skaftahlíð 24 í glæsileg húsakynni að Laugavegi 42. Fasteignafélagið Stoðir veittu Miðstöðinni sem fyrr myndarlegan stuðning með endurbótum á húsnæðinu á Laugavegi, flutningsstyrk og afslætti á leigu. Kostnaður félagsins við flutningana var í lágmarki. Húsnæðið á Laugavegi hentar mjög vel undir starfsemi félagsins með góðu skrifstofurými og stórum, fjölnota fundarsal.

Auk UNIFEM standa UNICEF og Félag Sameinuðu þjóðanna að rekstri Miðstöðvarinnar. Styrkur frá utanríkisráðuneytinu rennur í leigukostnað en öðrum rekstrarkostnaði skipta félögin á milli sín í hlutfalli við umfang starfseminnar. Elsa Guðmundsdóttir hefur átt sæti í hússtjórn Miðstöðvarinnar fyrir hönd UNIFEM. Samstarf félaganna þriggja hefur verið þeim til hagsbóta þar sem um er að ræða litlar starfseiningar í hverju félagi fyrir sig. Í Miðstöðinni hefur UNIFEM tekist að festa sig enn frekar í sessi og kynna starf sitt gagnvart fjölmiðlum og almenningi.

Félagar

Í janúar 2006 voru félagar UNIFEM 547 talsins, 523 konur og 23 karlar. Þá gekk Félag kvenna í atvinnurekstri í félagið í október og varð fyrst félagasamtaka til að gera það. Með nýrri heimasíðu var tekið upp nýtt félagaskráningarform og býðst einstaklingum nú að skrá sig ýmist sem almennan féлага (2.500 kr. árgjald), styrktarféлага (5.000 kr. árgjald) eða velunnara (10.000 kr. árgjald). Félagasamtök greiða 10.000 kr. árgjald í félagið.

Félögum hefur fjölgað um tæp 50% frá september 2004.

Fjármál

Framlög til verkefna

Tekjur landsnefndarinnar vegna framlaga til verkefna voru 8,7 milljónir króna og framlög nefndarinnar til verkefna voru 8,9 milljónir króna. Tap á rekstri vegna framlaga var 200 þúsund krónur.

Utanríkisráðuneytið veitti landsnefnd UNIFEM á Íslandi styrk til tveggja UNIFEM verkefna, alls 8,7 milljónir króna. 5,7 milljónir króna runnu í Ofbeldissjóðinn og 3 milljónir króna runnu til verkefna UNIFEM í Afganistan. Þetta var töluverð auking frá því í fyrra en þá var framlag utanríkisráðuneytisins til UNIFEM 2,7 milljónir króna sem rann í Ofbeldissjóðinn.

Á þessu ári mun framlag ráðuneytisins til verkefna væntanlega renna beint til þróunarsjóðsins án milligöngu landsnefndarinnar. Var sú ákvörðun tekin í samráði við formann og framkvæmdastýru félagsins og kemur í kjölfar stóraukins stuðnings ráðuneytisins við UNIFEM og breytts fyrirkomulags innan ráðuneytisins.

Á stjórnarfundum í nóvember 2004 var ákveðið að styðja samtökin Alnæmisbörn (Candle Light Foundation) um 200.000 krónur á ári til fimm ára og var fyrsta greiðslan afhent á árinu 2005.

Rekstur félagsins

Kostnaður vegna reksturs félagsins var 6,6 milljónir króna, rekstrartekjur voru 5,2 milljónir og tap af rekstri félagsins var 1,4 milljón króna.

Árið 2004 ákvað stjórnin að efla félagið með því að ráða til sín framkvæmdastýru til að sinna markmiðum félagsins. Framkvæmdastýra starfaði allt árið og er launakostnaður stærsti kostnaðarliðurinn. Skráður kostnaður vegna leigu er um 460 þúsund krónur en þess má geta að utanríkisráðuneytið veitir Miðstöð Sameinuðu þjóðanna styrk vegna reksturs Miðstöðvarinnar og var leiguhlutdeild UNIFEM greidd úr þeim sjóði þar til hann var upp urinn.

Ferðakostnaður var 590 þúsund krónur. Um er að ræða kostnað vegna ferða framkvæmdastýru á Kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna sem um leið var nýttur til fundarhalds með höfuðstöðvum og landsnefndum UNIFEM. Þess má geta að utanríkisráðuneytið veitti félaginu 200 þúsund króna styrk til ferðarinnar. Einnig er um að ræða ferð á samráðsfund landsnefnda UNIFEM í Bonn, svo og ferð á samráðsfund á svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava um aðkomu Íslands að verkefnum UNIFEM á Balkansskaga (sjá nánari umfjöllun um ferðirnar annars staðar í skýrslunni). Einnig er um að ræða ferðir innanlands vegna hádegisfunda UNIFEM á Akureyri. Endurspeglar ferðirnar áherslur stjórnar á aukin tengsl og samstarf við höfuðstöðvar og aðrar landsnefndir UNIFEM.

Kostnaður vegna Tímarits UNIFEM var um 600 þúsund krónur á árinu en þess ber að geta að um 200 þúsund krónur voru vegna skuldar frá fyrra ári, þegar gefið var út veglegt afmælistímarit.

Kostnaður vegna ráðstefnunnar *Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis*, var 1,1 milljón. Vel gekk að safna styrkjum vegna ráðstefnunnar og söfnuðust um 850 þúsund krónur í bein framlög vegna þessa. Þess má þó einnig geta að óbein framlög voru töluverð því fyrirtæki gáfu vörur eða þjónustu, eins og t.d. farmiða erlendra fyrirlesara, vegna ráðstefnunnar, og koma því ekki fram í ársreikningi.

Á árinu fékk UNIFEM á Íslandi 3 milljón króna styrk frá utanríkisráðuneytinu, eina milljón í viðburðastyrk og 2 milljónir króna í rekstrarstyrk. Var þetta í fyrsta sinn sem ráðuneytið veitir landsnefndinni slíkan stuðning en án hans hefði starfsemi landsnefndarinnar á árinu verið umtalsvert rýrari. Skiptir stuðningur stjórnvalda miklu máli á þessu umbreytingaskeiði landsnefndarinnar en takmarkið er að gera öflugt starf nefndarinnar sjálfbært.

Tekjur af félagsgjöldum voru 870 þúsund krónur og hækkuðu um 60% milli ára. Bæði kom það til að félögum hefur fjölgað um 50% frá árinu 2004 og að heimtur af félagsgjöldum hafa batnað. Rekja má hækkan þessa til þeirra breytinga sem gerðar voru árið 2004 við innheimtu þeirra þar sem skipt var yfir í rafræna giróseðla.

Eignastaða landsnefndarinnar var 3,3 milljónir króna í lok árs 2005.

Fjáröflun

Stjórn UNIFEM hélt áfram að þróa fjáröflunarleiðir fyrir félagið á árinu. Félagaaukning undanfarin misseri hefur gefið auknar tekjur til reksturs félagsins auk sölu á skýrslum og afmælisdagatölum í tengslum við viðburði. Nokkur vinna var lögð í að afla fjár í Ofbeldissjóðinn frá fyrirtækjum og nokkur fjöldi þeirra heimsóttur en án árangurs. Í lok árs 2005 ákvað stjórn félagsins að kröftum yrði beint að fjáröflun í verkefni UNIFEM í Afganistan árið 2006 og með markvissari hætti en áður. Stefnt er að tveimur megin fjáröflunarviðburðum á árinu, samstarfi við Kvennahlaupið í júní og fjáröflunarkvöldverði á haustmánuðum. Einnig verða tengsl félagsins við efnahagslífið eflað á árinu, m.a. með stofnun sérstaks ráðgjafahóps. Þá verður félögum einnig boðinn kostur á frekari stuðningi við félagið.

Samstarf við opinbera aðila gaf aftur á móti betri raun og stórjukust framlög til UNIFEM frá utanríkisráðuneytinu á árinu. Á fjárlögum 2005 fékk UNIFEM 11,7 milljónir króna auk 12,5 milljóna króna aukafjárveitingu en nánar er fjallað um fjármál og fjárveitingar frá hinu opinbera í köflunum *Fjármál* og *Samstarf við UNIFEM í Evrópu*.

Útgáfu- og kynningarmál

Tímaritið

Tímarit UNIFEM tók stakkaskiptum á 15 ára afmælisári félagsins 2004. Árið 2005 var blaðið með nokkuð minna sniði en þó fullt af fróðleik um starfsemi landsnefndarinnar, UNIFEM á alþjóðavísu og konur víða um heim auk kafla sem er tileinkaður baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi. Sérstök áhersla var lögð á umfjöllun um 30 ára afmæli kvennaárs Sameinuðu þjóðanna og áhrif kvennaáratugarins á íslenskt samfélag, kvennaráðstefnur Sameinuðu þjóðanna og áhrif þeirra á jafnréttisbaráttuna á alþjóðavísu auk einstakra mála sem afgreidd hafa verið á ráðstefnunum og skipt hafa sköpum fyrir lagalega stöðu kvenna. Einnig var fjallað um starfsemi UNIFEM og stjórnaráðgjafarþöku kvenna í Mið- og Austur-Evrópu, stefnumið Íslands í þróunarsamvinnu, austurrísku leiðina svokölluðu í heimilisofbeldismálum og margt fleira. Í Tímaritinu er einnig að finna ávarp stjórnarformanns og ávarp utanríkisráðherra auk minningarorða um Erlu Halldórsdóttur, stofnanda Candle Light Foundation í Kampala í Úganda.

Líkt og á síðasta ári var töluverðu kostað til útgáfu Tímaritsins en hönnuði voru greidd laun auk þess sem ritstjóri hlaut þóknun fyrir vinnu sína. Stjórn UNIFEM var sammála um að útgáfan ætti að vera í anda þess sem gefið var út árið á undan, enda muni blaðið nýttast félaginu í áframhaldandi kynningar- og fjáröflunarstarfi. Einkar skemmtilegt og vel heppnað útgáfuhóf var haldið í tilefni af útgáfu Tímaritsins á alþjóðlegum mannréttindadegi hinn 10. desember. Hófið var einnig haldið í tilefni af afmæli landsfélagsins hinn 18. desember. Þar lásu höfundar uppúr nýútkomnum jólabókum og gestir hresstu sig á jólaglögg og öðrum veitingum.

Tímaritið heldur áfram að vera flaggskip okkar, heimild um starfsemi félagsins og mikilvægt innlegg til vandaðrar umræðu um viðfangsefni þess. Hægt er að nálgast Tímaritið í heild sinni á heimasíðu UNIFEM á Íslandi, www.unifem.is

Fréttabréfið CURRENTS

Með aðstoð starfsnema var hægt að vanda útgáfu fréttabréfsins talsvert á árinu. Alls voru send 5 fréttabréf með fréttum af starfi UNIFEM um allan heim. Fréttabréfin eru öll þýdd á íslensku og leggur félagið þar með dýrmæt lóð á vogarskálar íslenskrar umræðu um þróunarmál. Fréttabréfin eru send með tölvupósti til félaga UNIFEM á Íslandi og birt á heimasíðu félagsins.

Fjölmiðlaumfjöllun

Töluverð umfjöllun var í fjölmiðlum um viðburði á vegum eða í tengslum við UNIFEM á árinu. Þar ber hæst að nefna viðburði í tilefni afmælisárs kvennahreyfingarinnar, Þingvallafundinn 19. júní, Peking+10 ráðstefnuna 21. október og kvennafrídaginn 24. október. Peking+10 ráðstefnan naut athygli á meðan á henni stóð og voru viðtöl fyrir sjónvarp og prentmiðla tekin við erlenda jafnt sem innlenda sérfræðinga sem ávörpuðu ráðstefnuna. Samstarf UNIFEM við Alþjóðlega kvikmyndahátíð í Reykjavík fékk sömuleiðis góða umfjöllun, með viðtölum og blaðagreinum, og sem fyrr vakti 16 daga átakið mikla athygli með daglegum greinaskrifum og reglulegum upptökum. Óhætt er að segja að fjallað hafi verið um alla viðburði UNIFEM á einn eða annan hátt á árinu sem sýnir hversu góðan góðan aðgang landsnefndin á að fjölmiðlum.

Viðburðir

Eftirfylgni við 16 daga átak 2004

Árið 2004 lauk 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi með afhendingu áskorunar til yfirvalda um að setja fram heildstæða aðgerðaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi er hefði réttlæti, forvarnir, stuðning og vernd til handa fórnarlömbum að leiðarljósi. Í kjölfarið var settur á fót aðgerðahópur gegn kynbundnu ofbeldi á Íslandi með það að markmiði að stuðla að upplýstri umræðu um málefnið og vera stjórnvöldum til stuðnings og leiðbeiningar við gerð aðgerðaáætlunar. Í hópnum sátu fulltrúar UNIFEM á Íslandi, Samtaka um kvennaathvarf, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Íslandsdeildar Amnesty International. Drögum að slíkri aðgerðaáætlun var komið á framfæri við dómsmálaráðuneytið, félagsmálaráðuneytið, menntamálaráðuneytið og heilbrigðisráðuneytið á vormánuðum 2005 og í kjölfarið efnt til morgunverðarfundar þar sem fulltrúum ráðuneytanna gafst tækifæri til að kynna störf sín í þágu málefnisins og viðbrögð við aðgerðaáætluninni. Á fundinum tilkynnti dómsmálaráðherra um endurskoðun á hegningarlögum með tilliti til heimilisofbeldis og kynferðisbrota og endurskoðun verklagsreglna lögreglunnar í meðferð heimilisofbeldismála. Fleiri áfangar hafa fylgt í kjölfarið og ljóst að 16 daga átakið og eftirfylgni þess hefur skilað raunverulegum árangri.

Kvennaþing og stjórnarskrárbreytingar

Í tilefni yfirstandandi endurskoðunar stjórnarskrárinnar var efnt til kvennaþings á Hallveigarstöðum laugardaginn 4. júní. Tilefni fundarins var að ræða mikilvægi þess að sjónarmið kvenna heyrir í starfi stjórnarskrárnefndar og að tillögur hennar endurspeglir þarfir kvenna sem borgara í íslensku samfélagi. Fundurinn markaði upphaf að samráði kvenna um stjórnarskrárbreytingar en UNIFEM á Íslandi hefur verið í forystusveit þeirrar vinnu frá upphafi hennar. Framkvæmdastýra landsnefndarinnar kynnti tillögur kvennahreyfingarinnar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndarinnar 11. júní og hefur unnið að greinargerð kvennahreyfingarinnar ásamt Drífu Snædal, framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins og Elsu Þorkelsdóttur, lögfræðingi. Greinargerðina má nálgast á vefsíðu UNIFEM á Íslandi.

90 ára kosningaafmæli kvenna á Íslandi

Hinn 19. júní fögnuðu konur á Íslandi 90 ára afmæli kosningaréttar síns. Efnt var til hátíðarhalda á Þingvöllum í tilefni dagsins og mættu á bilinu 2-3 þúsund manns á viðburðinn þrátt fyrir hellirigningu. UNIFEM á Íslandi tók ríkan þátt í undirbúningi dagsins og kynningu hans.

Þátttaka á skátamóti

Í júlí kynnti UNIFEM á Íslandi stöðu kvenna í þróunarlöndunum fyrir ungum skátum með þátttöku í alheimsporpinu á Landsmóti skáta. Fengu skátarnir m.a. að spreyta sig á vatnsburði með því að ganga með föturnar á höfðinu.

Félagsfundur

Um miðjan september var efnt til félagsfundar í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna, Skaftahlíð 24. Á fundinum var fjallað um áherslur í starfi þróunarsjóðsins, vöxt landsnefndarinnar á síðustu misserum auk þess sem umfangsmikil dagskrá vetrarins var kynnt. Mæting var nokkuð góð og sýndu félagar starfsemi mikinn áhuga.

Kvikmyndahátíð

Félagið tók mjög virkan þátt í *Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík* sem haldin var dagana 29. september til 9. október 2005. Í samstarfi við Grétu Ólafsdóttur, kvikmyndaframleiðanda í New York átti félagið aðkomu að vali kvikmynda í mannréttindaflokk hátíðarinnar og skipulagðir voru fjölbreyttir málfundir í tengslum við sýningar þeirra sem voru mjög vel sóttir. Mjög góður rómur var gerður að hátíðinni og vakti sérstaka athygli hversu mikil aðsókn var að myndum í mannréttindaflokknum. Landsnefndin aflaði stuðnings til að flytja aðstandanda myndarinnar *Moolade* til landsins og átti í góðum samskiptum við aðstandendur annarra kvikmynda í flokknum.

Ráðstefnan Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis

Í samstarfi við Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands stóð UNIFEM á Íslandi fyrir metnaðarfullri ráðstefnu í Háskóla Íslands sem bar yfirskriftina *Konur í hnattrænum heimi – Peking áratug áleiðis*. Þar komu saman innlendir jafnt sem erlendir sérfræðingar til að ræða um árangur og eftirfylgni Peking ráðstefnunnar og stöðu jafnréttismála í alþjóðlegu samhengi. Fyrir hádegi fluttu Osnat Lubrani, yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava, Anne Phillips, prófessor í stjórnmálafræði við London School of Economics og Jane Bayes, prófessor í stjórnmálafræði við California State University framsöguerindi og fylgdu þeim eftir með þátttöku í pallborðsumræðum ásamt Sólveigu Pétursdóttur, forseta Alþingis, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formanni Samfylkingarinnar og Þorgerði Einarsdóttur, lektor í kynjafræði við Háskóla Íslands. Eftir hádegi var umræðunni skipt niður í þrjár málstofur, um konur og ofbeldi; konur, lýðræði og opinbera jafnréttispolítík; og efnahagsleg og félagsleg réttindi kvenna. Ráðstefnunni lauk með móttöku í Lögbergi og um kvöldið snæddu allir þátttakendur ráðstefnunnar kvöldverð í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna. Ráðstefnan var eini alþjóðlegi viðburðurinn sem haldinn var hér á landi til að minnast hinna miklu tímamóta sem felast í árinu 2005 og var framlag UNIFEM á Íslandi til afmælisdagskrár kvennahreyfingarinnar. Ráðstefnan var haldin 21. október og sló þannig tóninn fyrir kvennafríð þremur dögum síðar.

24. október

Það var skammt stórra högga á milli mánudaginn 24. október. Um morguninn stóð Félag SP fyrir málfundi í tilefni af 60 ára afmæli Sameinuðu þjóðanna og í kjölfarið var nýtt húsnæði Miðstöðvar SP á Laugavegi 42 formlega opnað. Klukkan 14:08 var hinni nýju Miðstöð svo lokað vegna Kvennafrísins, þegar 50.000 konur þyrptust í miðborg Reykjavíkur auk þess sem 10000 konur komu saman víða um landið til að krefjast kynjajafnréttis.

25. nóvember

Alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum var að vanda annasamur hjá UNIFEM á Íslandi en landsnefndin stóð fyrir tveimur fundum þann dag og ýtti auk þess úr vör 16 daga áttakinu. Eftir var til morgunverðarfundar á Hótel Loftleiðum og var sérstakur gestur fundarins Nadya Engler, sérfræðingur hjá Bisan rannsóknasetrinu í Palestínu. Sagði Nadya frá átaki rannsóknarsetursins til að efla vitund og úrræði heilbrigðisstarfsfólks um kynbundið ofbeldi en verkefnið hlaut styrk úr Ofbeldissjóði UNIFEM árið 2004. Nýr utanríkisráðherra, Geir H. Haarde ávarpaði fundinn og tilkynnti um 12,5 milljón króna viðbótarframlag til starfsemi UNIFEM í Suðaustur-Evrópu en landsnefndin hafði um nokkurn tíma þrýst á um stuðning ráðuneytisins við verkefnið. Loks var Erlu Halldórsdóttur minnst en hún kom á fót Candle Light Foundation í Úganda, verkefni sem UNIFEM á Íslandi hefur heitið að styðja til ársins 2009.

Í hádeginu stóð landsnefndin fyrir fundi í Háskólanum á Akureyri og endurtók þar með leikinn frá árinu áður. Birna Þórarinsdóttir framkvæmdastýra og Amal Tamimi stjórnarkona fjölluðu þar um Ofbeldissjóð UNIFEM og stöðu kvenna í Palestínu. Fundurinn var jafnframt framhaldsstofnfundur Norðanhóps UNIFEM á Íslandi. Forsvarskonur hópsins eru Erla Þrándardóttir, verkefnastjóri við Háskólann á Akureyri og Silja Bára Ómarsdóttir, sviðsstjóri á Jafnréttisstofu og stjórnarkona í UNIFEM. Stofnun Norðanhópsins er hluti af átaki UNIFEM til að efla starfsemi sína og fjölga félögum á landsbyggðinni.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Í samstarfi við fjölda aðila, efndi UNIFEM á Íslandi öðru sinni til 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi dagana 25. nóvember til 10. desember. Átakið má rekja aftur til ársins 1991 og er dagsetning þess, frá alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi til alþjóðlega mannréttindadagsins, valin til að tengja á táknaðan hátt kynbundið ofbeldi og mannréttindi. Tímasetningin var einnig valin til að leggja áherslu á mannréttindabrotin sem felast í slíku ofbeldi. UNIFEM tekur virkan þátt í áttakinu um allan heim en markmið þess er að knýja á um afnám alls kynbundins ofbeldis. Alþjóðleg yfirskrift átaksins árið 2005 var *Heilsa kvenna, heilsa mannkyns: Stöðvum ofbeldið* og lögð var áhersla á tengslin milli ofbeldis gegn

konum, mannréttinda þeirra og heilsufars. Þá var vakin athygli á neikvæðum afleiðingum ofbeldis gegn konum á heilsufar alls mannkyns.

Staðið var fyrir fjölda viðburða á meðan á átakinu stóð, málfundir af ýmsum toga, uppákomur og bréfmaraþon. Með samhæfðum aðgerðum voru allir héraðsdómar landsins plástraðir í táknrænni aðgerð til að benda á vangetu dómskerfisins til að taka á kynferðisbrotamálum og haldinn var fundur með forsvarsmönnum allra stjórn mála flokka í tilefni komandi sveitarstjórnarkosninga þar sem þeim gafst færi á að kynna stefnu flokkanna er varðar kynbundið ofbeldi.

Hátt í tvöfalt fleiri aðilar tóku þátt í átakinu árið 2005 en árið á undan og voru það eftirfarandi samtök og stofnanir: Alnæmisbörn, Alnæmissamtökin á Íslandi, Amnesty International á Íslandi, Barnaheill, Blátt áfram, Bríet félag ungra femínista, Femínistafélag Íslands, Konur gegn limlestingu, Kvenfélagasamband Íslands, Kvennahreyfing Öryrkjabandalags Íslands, Kvennaráðgjöfin, Kvenréttindafélag Íslands, Mannréttindaskrifstofa Íslands, Neyðarmóttaka vegna nauðgunar, Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum, Rauði Kross Íslands, Samtök kvenna af erlendum uppruna á Íslandi, Samtök um kvennaathvarf, Soroptimistasamband Íslands, Stígamót, Styrkur – úr hlekkjum til frelsis, UNICEF á Íslandi, UNIFEM á Íslandi, V-dagssamtökin, Zonta á Íslandi og Þjóðkirkjan.

Samstarf við UNIFEM í Evrópu

Á vormánuðum 2005 hafði Bjarney Friðriksdóttir, starfsmaður UNIFEM í Kosovo samband við landsnefndina til að kynna fyrir henni svæðisáætlun UNIFEM í Suðaustur-Evrópu 2005-2007, nýtt verkefni sem ætlað var að taka við af verkefni UNIFEM í Kosovo sem lyki í árslok 2005. Svæðisáætlunin byggir á reynslunni frá Kosovo en vikkar starfseminna til allra ríkja fyrrum Júgóslavíu auk Albaníu. Mikill áhugi var strax hjá landsnefndinni fyrir því að hafa samband við utanríkisráðuneytið og kanna möguleika þess á aðkomu að svæðisáætluninni, bæði með útsendingu friðargæsluliða og fjárveitingum.

Í maí hélt framkvæmdastýran til Bratislava til fundar við Osnat Lubrani, yfirmann svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu og Bjarneyju Friðriksdóttur í þeim tilgangi að þróa nánar hugmyndir um aðkomu Íslands að svæðisáætluninni. Ferðin skilaði bæði góðri vinnu og treysti mjög samskipti landsnefndarinnar við skrifstofuna í Bratislava.

Fyrir og eftir ferðina til Bratislava var áætlunin kynnt fyrir starfsmönnum friðargæslugæslunnar, skrifstofu fjölþjóðaþróunarsamvinnu, fastanefnd Íslands í New York og utanríkismálanefnd. Verkefnið vakti athygli og fékk hugmyndin um sérstakan stuðning Íslands við það góðar viðtökur. Í október kom Osnat Lubrani hingað til lands og átti þá gagnlega fundi með starfsfólki utanríkisráðuneytisins og utanríkismálanefnd Alþingis. Af fundunum mátti ráða að það skipti miklu máli að fá hingað til lands fólk sem hefur góða þekkingu og beina aðkomu að málunum.

Á morgunverðarfundi UNIFEM 25. nóvember tilkynnti utanríkisráðherra, Geir H. Haarde þá ákvörðun að leggja 12, 5 milljónir króna í svæðisáætlunina og skyldi upphæðin greidd út fyrir árslok 2005. Friðargæslan hafði þá þegar ákveðið að styrkja áætlunina með útsendum sérfræðingum og var auglýst í stöðuna í desember 2005.

Samstarf landsnefndarinnar við skrifstofuna í Bratislava hefur tekist með miklum ágætum og orðið báðum aðilum til hagsbóta. Óhætt má telja að það haldi áfram um rekstur svæðisáætlunarinnar og hefur íslenska landsnefndin þegar ýtt á sænsku og finnsku landsnefndirnar um að þær hugi að þrýstingi á sín ráðuneyti um álíka stuðning við svæðisáætlunina.

Samstarf við höfuðstöðvar UNIFEM

Landsnefndin átti í reglulegum samskiptum við höfuðstöðvar UNIFEM í New York á árinu. Framkvæmdastýra fundaði með starfsmönnum höfuðstöðvanna í kringum fundi

kvinnanefndar Sameinuðu þjóðanna, átti í reglulegu síma- og tölvupóstsambandi við tengilið landsnefndanna í New York og hitti aftur á fundi í Bonn í nóvember. Mikið var reynt að fá Noleen Heyzer til að sækja Ísland heim í tengslum við Peking+10 ráðstefnuna, m.a. með milligöngu Hjálmars W. Hannessonar sendiherra, en án árangurs. Osnat Lubrani, yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Bratislava sótti ráðstefnuna í stað Noleen Heyzer.

Samstarf við aðrar landsnefndir

Fimm fulltrúar finnsku landsnefndar UNIFEM komu hingað til lands í tengslum við ráðstefnuna 24. október og funduðu með íslenskum stjórnarkonum UNIFEM um samstarf og framtíð landsnefndanna. Osnat Lubrani, yfirmaður svæðisskrifstofu UNIFEM í Mið- og Austur-Evrópu og Flora Macula, verkefnastjóri UNIFEM í Kosovo sátu hluta fundarins með norrænu landsnefndunum. Á fundinum var ákveðið að íslenska og finnska landsnefndin myndu sameiginlega kynna tillögur sínar um bættu og samræmda starfshætti á fundi evrópskra landsnefnda sem halda átti í Bonn tveimur vikum síðar.

Finnska landsnefndin er meðal sterkustu landsnefnda UNIFEM og hefur íslenska félagið nú þegar ákveðið að vinna nokkur verkefni að fenginni fyrirmynd frá Finnlandi. Má þar helst nefna fjáröflunarmál en árlegur fjáröflunarkvöldverður í Helsinki og framleiðsla söluvarnings hefur reynt finnsku landsnefndinni vel.

Samskipti við stjórnvöld

Landsnefndin hefur átt töluverð samskipti við stjórnvöld og ráðuneyti utanríkismála á árinu með góðum árangri. Samskipti og samráð við skrifstofur friðargæslunnar og fjölþjóða þróunarsamvinnu hafa verið töluverð, sérstaklega um svæðisáætlun UNIFEM í Suðaustur-Evrópu en einnig um skiptingu framlaga utanríkisráðuneytisins til þróunarsjóðsins, heimsóknir erlendra gesta til landsins og fleira. Þá hefur landsnefndin átt ágætis samskipti við fastanefnd Íslands í New York sem annast forsvar gagnvart höfuðstöðvum UNIFEM þar.

Árið 2005 skilaði landsnefndin tveimur umsögnum til Alþingis. Annars vegar um frumvarp til breytinga á lögum um útlendinga og um atvinnuréttindi útlendinga hins vegar. Í janúar 2006 skilaði landsnefndin umsögn um frumvarp um heimilisofbeldi. Árið 2005 heimsótti UNIFEM alla þingflokka á Alþingi og átti sérstakan fund með utanríkismálanefnd. Á fundinum var starfsemi UNIFEM kynnt og fjallað sérstaklega um svæðisáætlunina fyrir Suðaustur-Evrópu.

Samstarf við íslensku kvannahreyfinguna

Landsnefndin hefur á undangengnu ári átt í góðu samstarfi við kvannahreyfinguna og önnur félagasamtök, ekki hvað síst með setu í svokallaðri afmælisnefnd kvannahreyfingarinnar þar sem sitja fulltrúar fjölda kvennasamtaka og –stofnana. Áður hefur verið fjallað um 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi en UNIFEM á Íslandi átti einnig hlutdeild í afmælisviðburðum á Þingvöllum 19. júní og á Ingólfstorgi 24. október. Þess má geta að verkefnastýrur þessara tveggja stórvíðburða komu báðar úr röðum UNIFEM, Rósa Erlingsdóttir stýrði viðburðum 19. júní og Edda Jónsdóttir var við stjórnvölin 24. október. Þá hefur félagið lagt mikið til samstarfs kvannahreyfingarinnar um stjórnarskrárbreytingarnar og kynnti framkvæmdastýra UNIFEM á Íslandi tillögur kvannahreyfingarinnar á ráðstefnu stjórnarskrárnefndar 11. júní. Víðtækt samstarf við kvannahreyfinguna hefur haft mjög jákvæð áhrif á starfsemi landsnefndarinnar; sameinað átak hefur skilað miklum árangri, tengslanetið eflst og félagafjöldi vaxið.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

UNIFEM á Íslandi er eitt ellefu aðildarféлага Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fulltrúi UNIFEM í stjórn Mannréttindaskrifstofunnar á árinu var Lilja Hjartardóttir og varamaður hennar Rósa Erlingsdóttir. Mannabreytingar urðu í nóvember þegar Amal Tamimi tók við sem aðalfulltrúi og Magnea Marinósóttir sem varafulltrúi.

Fjárhagsmál Mannréttindaskrifstofunnar hafa verið í járnum síðan Alþingi samþykkti að taka hana af fjárlögum í lok árs 2004. Þrátt fyrir mikinn þrýsting á árinu stóð ákvörðunin óbreytt

við afgreiðslu fjárlaga í lok árs 2005. Við afgreiðslu málsins sendi stjórn UNIFEM, ásamt fleiri aðildarfélögum skrifstofunnar, áskorun á þingmenn um Mannréttindaskrifstofan yrði gerð að föstum lið á fjárlögum.

Framtíðarsýn og starfið framundan

UNIFEM á Íslandi stendur sterkt að vígi og hefur skýra framtíðarsýn. UNIFEM vill nýta sér kraftinn sem felst í þriðju bylgju femínismans og hefur tekið höndum saman með öðrum kvannahreyfingum á landinu til að kynna boðskap jafnréttis og mannréttinda kvenna víða um heim.

Óhætt er að segja að landsnefndinni hafi tekist að vinna ötullega að markmiðum sínum á liðnu starfsári. Félögum fer fjölgandi, framlag stjórnvalda til þróunarsjóðsins hækkar ár frá ári og félagið hefur haft milligöngu um nýtt verkefni íslenskra stjórnvalda á Balkanskaganum. Kynningarmálin sem lögð hefur verið mikil áhersla á hafa tryggt landsnefndinni virðingu og velvild stjórnvalda og UNIFEM í New York auk þess sem samstarfið við íslensku kvannahreyfinguna hefur verið mjög árangursríkt.

Markmið okkar er að sjálfsögðu að félagið vaxi enn frekar og að Íslendingar haldi áfram að auka framlög sín til þróunarsamvinnu og þróunarsjóðs UNIFEM sérstaklega.

Til að ná þessum markmiðum er nauðsynlegt að stjórnin haldi áfram að auka umsvif félagsins, fjölga félögum og vinni að átaki í fjáröflunarmálum samkvæmt samþykktum stjórnar. Nú þegar hefur verið ákveðið að leggja áherslu á tvo fjáröflunarviðburði á árinu 2006. Fyrst ber að nefna samstarf við Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ hinn 10. júní næstkomandi en gert er ráð fyrir að þátttakendur verði um 17 þúsund. Samstarf þetta markar viss tímamót í starfi félagsins hvað varðar fjáröflun og kynningu meðal almennings en það felst m.a í því að hlaupið verður undir slagorði UNIFEM „Hvert skref skiptir máli.“ Þá hefur verið ákveðið að félagið standi fyrir sérstökum fjáröflunarkvöldverði UNIFEM næsta haust.

Landsnefnd Unifem á Íslandi

Efnahagsreikningur 2005

Eignir

Veltureikningur - 010902	47.721
Þjónustureikningur - 316402	16.392
Þjónustureikningur - 386042	266
Þjónustureikningur -013187	5.857
Verðbréfavelta - 371135	488.163
Verðbréfaeign	2.772.756
Samtals eignir í lok árs	<u>3.331.155</u>

Skuldir og eigið fé

Skuldir

Laun og launatengd gjöld	130.588
Aðrar skammtímaskuldir	41.972
Samtals skuldir	<i>172.560</i>

Eigið fé

Eigið fé 1 janúar 2005	4.792.676
Hagnaður/tap ársins	-1.634.081
Samtals eigið fé	<i>3.158.595</i>

Samtals skuldir og eigið fé **3.331.155**

Reykjavík 15 febrúar, 2006

Elsa Guðmundsdóttir
gjaldkeri

Rósa Erlingsdóttir
formaður

Landsnefnd Unifem á Íslandi

Rekstrarreikningur 2005

Tekjur

Tekjur vegna framlaga til verkefna

Styrkir til verkefna 8.700.000

Samtals vegna framlaga til verkefna

8.700.000

Tekjur vegna reksturs

Styrkir til reksturs 3.200.000

Félagsgjöld 873.350

Sala 128.200

Vaxtatekjur 178.157

Styrkir vegna ráðstefnu 856.220

Samtals rekstrartekjur

5.235.927

Samtals tekjur

13.935.927

Kostnaður

Framlög til verkefna

Framlög í Ofbeldissjóðinn 5.700.000

Framlög til Afganistan 3.000.000

Framlög til Alnæmisbarna 200.000

Samtals framlög til verkefna

8.900.000

Rekstur

Laun og launatengd gjöl 3.477.399

Skrifstofukostnaður 404.859

Leiga og annar rekstur 465.507

Ferðakostnaður 594.237

Tímarit 606.000

Ráðstefna 1.122.006

Samtals rekstur

6.670.008

Samtals kostnaður

15.570.008

Hagnaður/tap

-1.634.081